



GJALDSKRÁ FYRIR FÉLAGSLEGA HEIMAÞJÓNUSTU 2019

1. gr.

Þjónustupegar greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf, heimsendingu matar og akstur. Önnur þjónusta er gjaldfrjáls.

Aldrei er innheimt fyrir meira en tíu klukkustunda þjónustu á hvert heimili á viku. Þjónusta umfram það er gjaldfrjáls.

2. gr.

Gjald fyrir heimaþjónustu er reiknað út frá launataxta Einingar lðju 128-1 að viðbættu 6% persónuálagi, 11,59% orlofi og 25% launatengdum gjöldum og uppfærist í ágúst ár hvert.

Gjald fyrir matarbakka uppfærist í ágúst ár hvert miðað við vísitölu neysluverðs 1. júlí.

Gjald fyrir akstur tekur mið af aksturskostnaðir Ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis í ágúst ár hvert.

Gjöld fyrir árið 2018 eru sem hér segir:

Heimaþjónusta	2.954	kr./klst.
Matarbakki	950	kr.
Akstur	110	kr./km

3. gr.

Afsláttur er veittur af gjaldi heimaþjónustu miðað við tekjur þjónustupega. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir matarbakka né akstur.

Tekjumörk eru ákvörðuð út frá framfærsluviðmiðum Tryggingastofnunar í ágúst ár hvert, þar sem þeir sem hafa tekjur undir framfærsluviðmiðum ásamt heimilisuppbót greiða ekki fyrir heimaþjónustu. Viðmiðunartekjur fyrir hjón og sambúðarfólk er hið sama og fyrir einstaklinga margfaldað með 1,5. Þeir sem hafa tekjur að 50% yfir viðmiðunartekjur greiða 1/3 af gjaldi, þeir sem hafa tekjur að 75% yfir viðmunartekjum greiða 1/2 af gjaldi og þjónustupegar með tekjur umfram það njóta ekki afsláttar.

Afsláttur heimaþjónustu 2018:

Tekjumörk einstaklinga	Tekjumörk hjóna/sambúðarfólks	Gjald
0 – 3.600.000	0 – 5.400.000	0 kr.
3.600.001 – 5.400.000	5.400.001 – 8.100.000	985 kr.
5.400.001 – 6.300.000	8.100.001 – 9.450.000	1.477 kr.
Tekjur yfir 6.300.000	Tekjur yfir 9.450.000	2.954 kr.

Árlega er kallað eftir tekjuupplýsingum. Kjósi þjónustupegar af einhverjum ástæðum að skila ekki inn tekjuupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald. Berist gögn eftir tilskilinn frest tekur breyting gildi næsta mánuð á eftir. Þjónustupegi skal tilkynna breytingar á högum sínum.

4. gr.

Gjöld eru innheimt mánaðarlega, í næsta mánuði eftir að þjónusta er innt af hendi.